

## Fyrirspurn

til félagsmálaráðherra um miðaldra og eldra fólk á vinnumarkaði.

Frá Jóhönnu Sigurðardóttur.

1. Hvað hefur verið gert til að framfylgja tillögum nefndar um aðgerðir til að bæta stöðu eldra fólks á vinnumarkaði, sbr. skýrslu sem nefndin gaf ráðherra í nóvember 2004? Hvernig verður framfylgt fimm ára áætlun um aðgerðir sem nefndin lagði til?
2. Hversu miklu fé hefur verið varið til þessa verkefnis á árunum 2005, 2006 og hver eru áformin fyrir næsta ár? Hefur verið lagt sérstakt fjármagn í starfsmenntasjóð vegna þessa?
3. Hyggst ráðherra beita sér fyrir að sett verði rammalöggjöf gegn mismunun vegna aldurs í starfi og á vinnumarkaði?